



## Minjasafn Austurlands - starfsstefna til fjögurra ára.

**Samkvæmt samningi sveitarfélaganna sem standa að Minjasafni Austurlands er hlutverk þess eftirfarandi:**

- 1. Að safna, skrásetja og varðveita minjar um búshætti, atvinnulíf og daglegt líf á Austurlandi samkvæmt nánari skilgreiningu á söfnunarsviði, og veita fræðslu um þær.*
- 2. Að halda sýningar á munum safnsins í Safnahúsinu, og ef tilefni er til utan þess líka.*
- 3. Að hafa eins og kostur er samstarf við einstaklinga, félagasamtök, mennta- og rannsóknastofnanir á starfssvæðinu og birta almenningi árlega skýrslu yfir starfsemi sína.*
- 4. Að efla áhuga almennings fyrir því að varðveita hvers kyns sögulegar minjar um mannlíf í Múlaþingi.*
- 5. Að hafa samstarf við önnur hliðstæð eða skyld söfn sem starfa á starfssvæðinu eftir því sem eftir er leitað og ástæða þykir til hverju sinni.*
- 6. Að stuðla að og sinna rannsóknum, eins og kostur er. Aðildarsveitarfélög skulu þó ekki hafa bein fjárhagsútgjöld af þeirri starfsemi, nema samkvæmt sérstöku samkomulagi þeirra allra.*

Auk þess að sinna þessum hlutverkum sínu mun starfsemi Minjasafnsins næstu fjögur árin miða að því að ná þeim meginmarkmiðum sem lýst er í eftirfarandi starfsstefnu sem gildir út árið 2021. Stefnunni er skipt í eftirtalda kafla: Fagmennska, mannauður, húsnæði; Fjármál; Safnkostur; Sýninga- og viðburðahald; Rannsóknir, tengsl og samstarf; Útgáfa og miðlun; og Sjálfbærni. Starfsstefnan tekur mið af Safnastefnu á svið menningarminja sem Þjóðminjasafnið gaf út árið 2017 og Menningarstefnu Fljótisdalshéraðs sem kom út árið 2016.

Stefnan var samþykkt á aðalfundi stjórnar Minjasafnsins 26. apríl 2018.

## Fagmennska, mannauður, húsnæði

Markmið:	Umræða og leiðir að markmiði:	Mælingar á árangri:	Athugasemdir:
Viðhalda og efla fagmennsku í allri starfsemi safnsins.	Skipta má safnastarfi í grófum dráttum í eftirtalda fimm flokka: Söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun. Öllum þessum þáttum þarf að sinna af fagmennsku og metnaði til að söfn náði að þjóna tilgangi sínum og markmiðum.	Ástand hvers málaflokks. Sjá nánar í markmiðum sem snúa að hverjum og einum.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2.
Að safnið fylgi lögum, alþjóðlegum siðareglum og sáttmálum.	Safnið starfar á grundvalli Safnalaga nr. 141/2011. Safnið fer einnig eftir siðareglum Alþjóðaráðs safns (ICOM) og öðrum sáttmálum og leiðbeiningum sem gagnlegt er að taka mið af í faglegu starfi.	Úrvinnsla mála þar sem reynir á siðareglur og leiðbeiningar.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 6.
Minjasafnið Austurlands verði ábyrgðarsafn fyrir Austurland.	Ekkert safn hefur enn fengið stöðu ábyrgðarsafns og ferlið er enn í mótun. Þegar þau mál skýrast verður unnið markvisst að því að safnið verði ábyrgðarsafn fyrir Austurland.	Áfanga náð.	Í samræmi við Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs.
Leggja rækt við mannauð safnsins og starfsumhverfi starfsmanna.	Hvetja starfsfólk til endur- og símenntunar; gefa starfsfólki tækifæri til að þróast í starfi; koma í veg fyrir þekkingarrof með nákvæmum skráningum; viðhalda, bæta og uppfæra vinnuaðstöðu og tækjabúnað starfsfólks eftir þörfum og í samræmi við kröfur á hverjum tíma.	Fjöldi námskeiða sem starfsfólk hefur sótt, ástand tækjabúnaðar og vinnuaðstöðu.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2 og 4.
Fjölga starfsfólki.	Vinna að því að fjölga starfsfólki til að safnið geti betur staðið undir kröfum og starfið náí að blómstra.	Fjöldi starfsmanna.	
Húsnæði safnsins og aðstaða uppfylli faglegar kröfur.	Sinna viðhaldi í samstarfi við eiganda húsnæðis. Safnstjóri beiti sér fyrir stækkun Safnahússins eins og kostur er.	Ástand húss. Viðbygging.	Í samræmi við Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs og Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2.

## FJÁRMÁL

Markmið:	Umræða og leiðir að markmiði:	Mælingar á árangri:	Athugasemdir:
Viðhalda stöðugleika í rekstri safnsins.	Stunda ábyrgan rekstur.	Ársreikningar.	
Sækja styrki til sérverkefna.	Sækja um styrk til í alla helstu sjóði sem í boði eru. Þróa metnaðarfull verkefni sem eru til þess fallin að hljóta styrki.	Styrkúthlutanir til safnsins.	

## SAFNKOSTUR

Markmið:	Umræða og leiðir að markmiði:	Mælingar á árangri:	Athugasemdir:
Bæta geymslu - og forvörslumál.	Vera stöðugt á varðbergi gagnvart ástandi húsnæðis og öryggiskerfa. Vinna að úrbótum og viðhaldi í samstarfi við eiganda hússins.	Ástand húsnæðis og öryggiskerfa.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2.
Framfylgja söfnunarstefnu safnsins og markvissri söfnun muna á ábyrgan hátt.	Ígrunduð ákvörðun liggja að baki því að munur er tekinn inn í safnið þar sem söfnunarstefna safnsins er höfð til grundvallar. Skoða hvort hentugt væri að móta formlegra verklag í kringum inntöku muna.	Munir sem teknir eru inn í safnið, fjöldi og tegundir.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2.
Skrá upplýsingar um safnkostinn í viðurkennt skráningarkerfi.	Halda áfram að skrá alla muni í menningarsögulega gagnasafnið Sarp.	Hlutfallslegur fjöldi skráðra muna af heildarfjölda safngripa. Gæði skráninga.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2.
Hefja markvissa grisjun úr safnkosti.	Gera grisjunaráætlun sem samræmist kröfum höfuðsafns og hefja í framhaldi af því markvissa og vel ígrundaða grisjun úr safnkosti.	Grisjunaráætlun samþykkt af höfuðsafni, umfang grisjunar.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2.
Að safnkosturinn sé aðgengilegur þeim sem áhuga hafa á honum, til skoðunar og rannsókna.	Tryggja að opnunartími safnsins henti bæði heimamönnum og gestum. Þjóða upp á séropanir. Koma því á framfæri að fólk geti leitað til safnsins til að afla upplýsinga og heimilda. Bæta og tryggja aðgengi fatlaðra að sýningum og safnkosti. Gera safnkostinn aðgengilegan á netinu, bæði í gegnum Sarp og vefsíðu Minjasafnsins.	Gestatalningar og gestakannanir. Fjöldi fyrirspurna um safnkostinn og rannsókna á þeim.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2.

## SÝNINGA- OG VIÐBURÐAHALD

Markmið:	Umræða og leiðir að markmiði:	Mælingar á árangri:	Athugasemdir:
Safnið vinni árlega viðburðaáætlun sem liggja fyrir í byrjun árs. Hluti af henni skal vera sérstök viðburða- og fræðsluáætlun ætluð börnum (sjá nánar undir liðnum Safnfræðsla).	Að starfsmenn tileinki sér langtímahugsun þegar kemur að viðburðahaldi safnsins. Áætlunin innihaldi upplýsingar um allar sýningar, viðburði, fræðslustarf og annað sem almenningi stendur til boða á safninu.	Hvort starfsáætlun liggur fyrir eða ekki.	Í samræmi við Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs.
Hafa metnaðarfulla grunnsýningu sem samræmist hlutverki Minjasafnsins og endurspeglar mannlíf og samfélag svæðisins.	Grunnsýning Minjasafnsins var opnuð í núverandi mynd í júní 2015. Á gildistíma starfsstefnunnar verður byrjað að huga að breytingum á henni.	Aðsókn að grunnsýningu. Umfjöllun og athygli sem hún fær.	Í samræmi við Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs og Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 3.
Viðburðahald sé fjölbreytt og samfelld.	Þjóða upp á tvær til þrjár smærri sýningar á hverju ári, bæði með gripum úr safnkosti og utanaðkomandi sýningar. Þjóða þar að auki upp á annars konar viðburði, s.s. fyrirlestra, námskeið og leiðsagnir í umsjá starfsfólks eða í samstarfi við utanaðkomandi aðila.	Fjöldi og fjölbreytileiki sýninga og viðburða.	Í samræmi við Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs og Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 3.
Fjölga gestum, bæði heimamönnum og ferðamönnum.	Vinna markvisst að markaðssetningu safnsins. Endurskoða opnunartíma og viðburðahald reglulega í samræmi við þær upplýsingar sem kannanir og skráningar gefa. Þjóða upp á fjölbreytta viðburði sem laða að bæði heimamenn og gesti.	Fjöldi viðburða. Fjöldi gesta. Viðhorf gesta til sýninga og viðburða.	Í samræmi við Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs.
Gera gestakannanir og gestatalningar.	Gera reglulega gestakannanir til að kanna viðhorf og skoðanir gesta á þáttum eins og sýningum, viðburðum og opnunartíma safnsins. Gera nákvæmar gestatalningar.	Gestakannanir lagðar fyrir eða ekki. Fjöldi gestakannanna sem svarað er. Nákvæmni gestatalninga.	Í samræmi við Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs.

<b>RANNSÓKNIR, TENGLI, SAMSTARF</b>			
<b>Markmið:</b>	<b>Umræða og leiðir að markmiði:</b>	<b>Mælingar á árangri:</b>	<b>Athugasemdir:</b>
Efla tengsl og samstarf við söfn, setur og safnvísa á Austurlandi.	Kanna grundvöll og koma á samstarfi milli safna og annarra sambærilegra aðila um t.d. markaðssetningu, varðveislu og miðlun á menningararfi fjórðungsins.	Fjöldi slíkra samstarfsverkefna.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 1 og 6.
Efla samstarf við Þjóðminjasafn Íslands, söfn í öðrum landshlutum og sambærileg söfn í nágrennalöndunum.	Nýta öll tækifæri sem gefast til að byggja upp og styrkja tengsl við söfn hér á landi og í nágrennalöndunum, t.d. í gegnum fagfélög, ráðstefnur, samstarfsverkefni og óformlegar heimsóknir.	Fjöldi samstarfsverkefna, fjöldi heimsókna á söfn, fjöldi ráðstefna.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 1 og 6.
Nýta frumkvæði annarra til viðburðahalds, rannsóknna og annarra verkefna.	Sækjast eftir samstarfi við vísindamenn, listamenn og menningar- og rannsóknarstofnanir, m.a. í tengslum við rannsóknir, viðburðahald og nýtingu menningararfsins sem innblásturs til listsköpunar. Opna á samtal við áhugasama aðila sem hafa hugmyndir að sýningum, viðburðum eða öðrum verkefnum. Fá að nýta sýningar sem aðrir hafa unnið.	Fjöldi slíkra samstarfsverkefna.	Í samræmi við Menningarstefnu Fljótsdalshéraðs og Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 2 og 3.
Efla rannsóknir á vegum Minjasafnsins og styðja við rannsóknir annarra á safnkostinum.	Gefa starfsmönnum svigrúm til að stunda rannsóknir, styðja við frumkvæði utanaðkomandi aðila til rannsókna á safnkosti safnsins og öðrum þáttum tengdum sögu Austurlands.	Fjöldi rannsóknarverkefna.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 3.

ÚTGÁFA OG MIÐLUN			
Markmið:	Umræða og leiðir að markmiði:	Mælingar á árangri:	Athugasemdir:
Standa fyrir öflugri miðlun og kynningu á starfi safnsins á vef og samfélagsmiðlum.	Nýta vefsíðu safnsins og samfélagsmiðla til að miðla fréttum af starfinu og kynna starfsemina. Nota vefsíðuna til að miðla fræðsluefni. Nota vefsíðuna og Sarp til að vekja athygli á safnkostinum og setja upp vefsýningar.	Fjöldi fréttu og annarra innleggja á heimasíðu. Fjöldi vefsýninga.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 1.
Miðla og gefa út efni sem verður til í tengslum við sýningar, viðburði og rannsóknir.	Nýta vefsíðu safnsins til að miðla fróðleik sem safnað er í tengslum við sýningar. Skoða möguleika á að gefa slíkt efni út á prenti eða miðla því með öðrum leiðum.	Fjöldi slíkra verkefna.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 1 og 5.

SJÁLFBÆRNI			
Markmið:	Umræða og leiðir að markmiði:	Mælingar á árangri:	Athugasemdir:
Rækta tengsl við nærsamfélagið.	Leggja áherslu á að endurspegla mannlíf og samfélag á Austurlandi, haga viðburðum og verkefnum þannig að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Leggja áherslu á að kynna verkefni og viðburði fyrir mismunandi hópum, líka þeim sem síður leggja leið sína á söfn. Eiga í samstarfi við stofnanir sem sinna þörfum mismunandi hópa, t.d. innflytjenda, eldri borgara og fatlaðra.	Fjöldi viðburða og gestatalning (fjöldi heimamanna og hópa úr nærsamfélaginu).	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 3.
Huga að umhverfisvernd og sjálfbærni í allri starfsemi safnsins.	Endurnýta búnað, efla umhverfisvitund starfsfólks, hafa umhverfisvernd til hliðsjónar við innkaup og förgun. Nýta efni sem aðrir hafa gert (t.d. farandsýningar) og leyfa öðrum að nota efni Minjasafnsins eins og kostur er. Söfnun fari fram á grunni markvissrar söfnunarstefnu. Tryggja gildi safnkosts fyrir rannsóknir og miðlun með góðri skráningu. Vinna að því að kostnaður við varðveislu sé í takt við ávinninginn sem af varðveislunni hlýst.	Innkaup. Nýting. Er söfnunarstefna lögð til grundvallar þegar munur er tekinn inn á safnið? Gæði skráninga.	Í samræmi við Safnastefnu á sviði menningarminja - markmið 5.